

## Leiðbeiningar til hluthafa í Landsbankanum sem vilja selja hluti í bankanum 10.-20. desember 2018

1. Endurkaupátímabil stendur yfir frá og með 10. desember 2018 til og með 20. desember 2018.
  2. Landsbankinn býðst til að kaupa hvern hlut í Landsbankanum á genginu 9,9787 (kr. 9,9787 á hlut) á endurkaupátímabilinu.
  3. Þeir hluthafar sem ákveða að taka boði bankans skulu fylla út tilkynningu þar að lútandi. Eyðublað fyrir tilkynninguna er aðgengilegt á vef bankans.
  4. Hluthafi sem ákveður að taka boði bankans skal fylla út tilkynninguna með nafni, kennitölu, heimilisfangi, símanúmeri, netfangi, fjölda hluta sem eru í eigu hans, fjölda hluta sem hann vill selja og dagsetningu. Hluthafi þarf síðan að prenta tilkynninguna og undirrita hana. Ef hluthafi er lögaðili þarf að gæta þess að sá sem undirritar tilkynninguna hafi til þess gilt umboð.
  5. Hluthafi gerir síðan PDF-skjal af tilkynningunni, útfylltri og undirritaðri, og sendir skjalið sem fylgiskjal með tölvupósti á netfangið [endurkaup@landsbankinn.is](mailto:endurkaup@landsbankinn.is). Einnig er hægt að afhenda tilkynninguna útfyllta og undirritaða í útibú eða starfsstöð Landsbankans. Tilkynningin þarf að berast bankanum fyrir kl. 16.00, fimmtudaginn 20. desember 2018. Tilkynningar sem berast eftir þann tíma verða ekki afgreiddar.
  6. Berist Landsbankanum rétt útfyllt og undirrituð tilkynning í samræmi við ofangreint er kominn á bindandi samningur milli bankans og viðkomandi hluthafa um kaup á þeim hlutum sem tilgreindir eru í tilkynningunni og eru í eigu viðkomandi hluthafa.
  7. Ef tilkynning berst ekki til bankans vegna kerfisgalla eða einhverra annarra ástæðna þá firrir bankinn sig allri ábyrgð. Staðfesting Landsbankans á móttöku er forsenda gildrar sönnunar á tilkynningunni.
  8. Landsbankinn mun greiða andvirði keyptrra hluta inn á reikning sem tengdur er vörslureikningi hluthafa innan tveggja daga frá því að rétt útfyllt og undirrituð tilkynning berst bankanum.
  9. Landsbankinn veitir hluthöfum ekki fjárfestingarráðgjöf eða aðra verðbréfabjónustu samkvæmt lögum nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, í tengslum við kaupin á eigin hlutum. Landsbankinn bendir hluthöfum á að leita sér ytri sérfræðiráðgjafar vegna kaupanna en bankinn ber enga ábyrgð á slíkri ráðgjöf.
  10. Tilkynningar verða afgreiddar á endurkaupátímabilinu í þeirri röð sem þær berast bankanum þar til framangreindu hámarki (72,5 milljónir hluta) verður náð. Verði hámarkinu náð á tímabilinu verða frekari tilkynningar ekki afgreiddar.
- Nánari upplýsingar er að finna á vef Landsbankans, [www.landsbankinn.is/endurkaup](http://www.landsbankinn.is/endurkaup). Þá verða upplýsingar veittar í síma 410 4040.